



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 23. febrúar 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn, 22. mál.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps til laga um mannanöfn. Frumvarpið hefur áður verið flutt á 148., 149. og 152. löggjafarþingi og samkvæmt greinargerð er málið nú endurflutt að teknu tilliti til þeirra umsagna sem bárust, m.a. frá umboðsmanni barna.

Í umsögn umboðsmanns barna, dags. 17. febrúar 2022 kom fram gagnrýni á efni fyrra frumvarps þar sem, að mati embættisins, var skautað fram hjá veigamiklum atriðum sem varða börn, réttindi þeirra og hagsmuni. Var þar einkum vísað til þess að frumvarpið gerði ekki ráð fyrir heimild til þess að synja um skráningu nafns, ef talið yrði að það gæti orðið barni til ama.

Í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi kemur fram að tekið hafi verið tillit til athugasemda umboðsmanns barna og Barnaverndarstofu, nú Barna- og fjölskyldustofu, í þessum efnum með sérstöku ákvæði í 6. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að ef barni er gefið nafn sem er augljóslega meiðandi eða vanvirðandi teljist það vanvirðandi háttsemi í skilningi 1. gr. barnalaga nr. 76/2003, og hljóti málsmeðferð í samræmi við það. Engu að síður telji flutningsmenn frumvarpsins eftir sem áður að það eigi ekki að vera á valdi opinberra aðila að synja foreldrum um rétt til nafnavals á börn sín, líkt og er hlutverk mannanafnanefndar nú. Því til stuðnings var jafnframt vísað til þess að úrskurðir mannanafnanefndar um slík álitaefni væru örfáir.

Umboðsmaður barna tekur undir þau sjónarmið að flestir foreldrar séu færir um að gæta hagsmuna barna sinna og velja nafn barna sinna af alúð. Þó ber að áréttta að jafnvel þó svo að um örfá tilvik sé að ræða eru það eftir sem áður mikilvægir hagsmunir barna sem um ræðir. Það að bera nafn sem er barni til ama getur haft í för með sér mikla vanlíðan og neikvæð áhrif á sjálfsmynd þess.

Sú útfærsla sem lögð er til með frumvarpinu, þar sem gert er ráð fyrir því að Þjóðskrá skori á forsjáraðila að breyta nafni barns, sé talið að nafn sem barni hefur verið gefið sé augljóslega meiðandi eða vanvirðandi og feli þar með í sér vanvirðandi háttsemi, er að mati umboðsmanns barna óheppileg nálgun. Í fyrri umsögn embættisins var lagt til að

framkvæmdinni yrði hagað í samræmi við sænska löggjöf á þessu sviði þar sem foreldrar þurfa að sækja sérstaklega um skráningu á eiginnafni barns til stjórnvalds, sem hefur heimild til að synja skráningu nafnsins ef talið er líklegt að nafngiftin geti valdið barninu ama.

Það er mat umboðsmanns barna að í löggjöf um mannanöfn þurfi að slá ákveðinn varnagla við því að barn þurfi að bera nafn til lengri eða skemmri tíma, sem til þess er fallið að valda því óþægindum og vanlíðan. Sú leið sem lögð er til með frumvarpinu nú, þar sem gert er ráð fyrir sérstakri nafnbreytingu í þessum tilvikum, er að mati umboðsmanns ekki nægilega vel útfærð með tilliti til réttinda barna, enda er ekki fjallað sérstaklega um tímamörk né hvort og þá hvernig framkvæma eigi mat á því hvaða afleiðingar slík nafnbreyting kunni að hafa á hagsmuni barns.

Þá vill umboðsmaður barna áréttta að á löggjafanum hvílir sú skylda að tryggja börnum þá vernd sem velferð þeirra krefst eins og kveðið er á um í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944 og 3. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna